



Bæjarráð Mosfellsbæjar  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Mosfellsbæ 17.apríl 2023.

### Lýsing á reiðleið um Tungubakka

Ágæta bæjarráð.

Eins og undanfarið hefur verið rætt bæði við bæjarráð, bæjarstjóra og starfsfólk umhverfissviðs Mosfellsbæjar er okkur í hestamannafélaginu Herði það mikilvægt að komið verði upp viðeigandi lýsingu á reiðleið á Tungubökkum, svokölluðum Tungubakkahring.

Málið hefur í raun verið á dagskrá um árábil og verið rætt á ýmsum stigum bæði stjórnsýslu og stjórn mála. Það er öllum ljóst hvílik lyftistöng þessi lýsing verður fyrir allt okkar starf og mikið öryggisatriði að hafa þennan hring upplýstan þegar dagsbirtu nýtur einungis fáar stundir á dag. Vel má hugsa sér að lýsingin sé tímastýrð svo komist verði hjá hugsanlegri truflun á fuglalíf til dæmis.

Okkur vitanlega hafa tvö tilboð í verkið borist Mosfellsbæ og þess þriðja aflaði félagið sjálft og sendi umhverfissviði Mosfellsbæjar. Fjárhagsáætlun er því í raun tilbúin að mestu leiti.

Því er það ósk hestamannafélagsins Harðar að strax verði unnin áætlun til að þoka þessu verki af stað og klára innan tveggja ára svo að unnt verði að halda áfram uppbyggingu félagsins og bæta aðstöðu til iðkunar hestaíþróttarinnar í Mosfellsbæ.

Með vinsemd og virðingu  
f.h. Hestamannafélagsins Harðar

  
Margrét Dögg Halldórsdóttir formaður